

REGLUGERÐ

157

11. nóv.

um holræsi í Raufarhafnarhreppi.

1. gr.

Þegar hreppsfélagið hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim mönnum sem þar eiga hús að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað, ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því, út í aðalræsið, ásamt rigningarvatni, ef hægt er að koma því við. Vanræki einhver að láta gera holræsi frá húsi sínu í aðalræsi eða halda því við, innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd setur, getur hreppsnefndin látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem aðalholræsakerfi hreppsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast hreppsnefnd eða maður sem hún felur það. Þóknun fyrir þau störf og einnig fyrir reikningshald eða annað vegna holræsanna, ákveður hreppsnefnd.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi framangreindra aðila og er mönnum skylt að hlýta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það er máli skiptir í þessu sambandi. Hreppsnefnd getur leyft holræsi frá einstökum húsum, þar sem sérstaklega hagar til, beint í sjó fram, eða í rotþró, með samþykki heilbrigðisnefndar.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið, þar með talið viðhald, greiðist úr hreppsjóði. Til að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús að, eða í námunda við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi sitt við aðalræsi kr. 500.00, miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 200.00 fyrir hverja íbúð í húsinu umfram eina, og telst sem íbúð, ef hluti af húsinu er leigður fyrir vertíðarfólk. Fer þetta eftir mati hreppsnefndar.

Nú eru hús sambyggð, en aðskilin með brunagöflum, og telst þá einstakt hús, sá hluti, sem er milli brunagafla. Ef fleiri íbúðir en ein eru í húsi, og íbúðir séreign, skal heildarupphæð tengigjaldsins skiptast milli eigenda íbúðanna hlutfallslega eftir tölu íbúðanna sem þeir eiga.

Auk tengigjalds greiði hver húseigandi í holræsagjald til Raufarhafnarhrepps kr. 100.00 af hverju húsi, en kr. 50.00 á íbúð í húsi umfram eina, og enn fremur 5% — fimm af þúsundi — af fasteignamati húsanna. Skylt er að greiða tengigjald af öllum húsum, sem þegar eru tengd við holræsakerfi hreppsins, enda hafi slíkt ekki verið áður greitt.

4. gr.

Hið árlega holræsagjald sem og tengigjaldið, getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

5. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu tengigjalds og holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefnd kann að öðlast samkv. 1. og 3. grein, má taka lög taki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. júlí ár hvert.

157

11. nóv.

6. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

158

11. nóv.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

186. Sjúkrasamlag Mýrahrepps, A.-Skaftafellssýslu. Staðfest 6. júní 1958.

187. Sjúkrasamlag Miðneshrepps, Gullbringusýslu. Staðfest 29. október 1958.

188. Sjúkrasamlag Eyjahrepps, Hnappadalssýslu. Staðfest 11. nóvember 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

159

11. nóv.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsing ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

22. Nefnd Félags íslenzkra rafvirkja. Staðfest 12. júní 1958.

23. Nefnd Verkalýðsfélags Stykkishólms. Staðfest 10. september 1958.

24. Nefnd Verkalýðsfélagsins Jökuls, Höfn í Hornafirði. Staðfest 11. nóvember 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.